

# VARNARGARÐAR VIÐ JÖKULSÁ Á FJÖLLUM, VIÐ HERÐUBREIÐARLINDIR, SKÚTUSTAÐARHREPPI

## Ákvörðun um matsskyldu

### INNGANGUR

Þann 31. október 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða byggingu um 1,7 km langra varnargarða í Jökulsá á Fjöllum við Herðubreiðarlindir samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 e í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skútustaðarhrepps og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skútustaðarhreppi með tölvupósti dags. 21. nóvember 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. nóvember 2011.

### FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé að fara Jökulsá á Fjöllum í sinn gamla farveg við austurbakkann á um það bil 1500 m kafla. Tilgangurinn sé að vernda vað á Lindá. Jökulsá hafi á síðustu árum hlaðið undir sig við eystri bakkann og velt sér til vesturs. Nú sé svo komið að megin áll árinna stefni beint á vað sem muni að öllum líkindum taka af næsta sumar. Aðeins séu um 30 m í Lindána og 10 m í veginn á þessum kafla. Vorið 2010 hafi verið 130 m frá veginum að ánni sem sýni að breytingar geti gerst hratt. Ef þessari þróun verði leyft að halda áfram muni áin brjóta sér leið sunnar á eyrunum með ófyrirséðum afleiðingum og eyðileggingu á gróðri og Lindánni.

**Fyrri framkvæmdir.** Fram kemur að sumarið 2010 hafi verið miklir vatnavextir í Jökulsá og hafi rennslið í henni farið yfir 1000 m<sup>3</sup>. Varnargarðar hafi verið reistir norðan flugvallarins og hafi þeir haldið ágætlega og lítið látið á sjá í sumar. Þessir garðar séu úr mól og sandi sem mokað hafi verið upp úr árfarveginum. Þeir séu um 0,4 – 1 m yfir hæð eyranna og lítt sýnilegir. Haustið 2010 hafi staðið til að vinna frekar í gerð varnargarða en snjór um miðjan október orðið til þess að ekki var hægt að koma tækjum á svæðið. Í júní s.l. voru reistir 2 garðar efst í lindunum úr grjóti sem tekið var úr árfarveginum. Þetta séu stuttir garðar, 6-8 m langir, sem liggja skáhalt á rennsli árinna. Garðarnir séu lágir og fari á kaf þegar rennsli árinna fari yfir 400 m<sup>3</sup>. Þeir sjáist því ekki yfir ferðamannatímamann en gagnist vel.

**Tilhögun framkvæmda.** Fram kemur að áformað hafi verið að hefja vinnu á svæðinu í haust. Byrjað yrði á því að fara 1500 m niður fyrir þann ál sem nú renni til vesturs og fara að austurbakkanum þar sem áin rann áður og ýta efni til vesturs og nota í varnargarð og flytja efnið 50-70 m til vesturs.

**Sjónræn áhrif.** Fram kemur að varnargarðurinn verði um 1,5 m á hæð og brattari að austan en langur flái að vestan. Þannig verði sjónræn áhrif hans frá veginum lítil sem engin. Eyrarnar á þessu svæði séu sundurskornar eftir ána og garðarnir muni ekki stinga í augu enda gerðir úr efni sem eyrarnar séu myndaðar úr. Dýpt rásarinnar verði um 1,5 – 2 m og þegar

komið yrði upp að álnum sem nú rennur til vesturs falli áin ofan í þennan nýja farveg. Síðan verði eyrarnar jafnaðar og varnargarðurinn framlengdur til móts við garðana sem þegar hafi verið gerðir.

Ef vel tekst til sé möguleiki á að halda áfram niður eftir og keyra eyrarnar suður í Lindar svo ekki þurfi að fara upp á hraunið eins og gert var fram til 1960. Frágangur yrði í sambærilegur við fyrri garða og í samráði við Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarð.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögn Skútustaðahrepps kemur fram að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdirnar hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að svæðið sé friðlýst og að í friðlýsingarskilmálum sé tekið fram að jarðrask og mannvirkjagerð sé óheimil á friðlandinu án leyfis Umhverfisstofnunar. Óheimilt sé að skerða gróður, skaða dýralíf eða spilla vatni á friðlandinu. Umhverfisstofnun leitaði álits Vatnajökulspjóðgarðs á umræddri framkvæmd þar sem þjóðgarðurinn hafi umsjón með Herðubreiðarfriðlandi. Í umsögn Vatnajökulspjóðgarðs komi fram að með hliðsjón af fyrri framkvæmdum á svæðinu og vilja Vegagerðarinnar til framkvæmda nú, þá sé það álit þjóðgarðsyfirvalda Vatnajökulspjóðgarðs að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði takmörkuð. Efnisnám sé allt fyrirhugað úr farvegi Jökulsár og ætti því ekki að hafa sýnileg áhrif í för með sér. Staðsetning garðsins sjálfs sé áætluð í núverandi farvegi árinna og verði hann að líkindum einungis sýnilegur þegar komið sé syðst í nyrðri hluta Lindahrauns. Efnisgerð sé að öllu leyti sú sama og á eyrunum í kring og engin grjótvörn, sem geri það að verkum að hann muni falla svo vel að landslagi sem frekast er unnt, að teknu tilliti til forms garðsins og stærðar hans. Áætlaður flái á garðinum vestanverðum auki líkur á að hann falli sem best að umhverfinu og því gert ráð fyrir að ásýnd hans muni verða með svipuðum hætti og garðar frá 2010. Þeir garðar séu lítið áberandi frá vegi.

Umhverfisstofnun segir Vatnajökulspjóðgarð leggja áherslu á mikilvægi þess að einungis verði notuð ein aðkomuleið að vinnusvæðinu og hún verði valin í samráði við eftirlitsaðila. Að sama skapi sé lögð áhersla á góðan frágang framkvæmdarinnar og að unnið verði í samvinnu við eftirlitsaðila friðlandsins líkt og Vegagerðin áætla. Miðað við áætlanir framkvæmdarinnar sé um afturkræfa aðgerð að ræða að mati Vatnajökulspjóðgarðs. Að sama skapi sé afar ósennilegt annað en að mannvirkið hverfi með öllu á nokkrum árum verði vatnagangur viðlíka og undanfarin sumur. Eigi að halda veginum opnum séu framkvæmdirnar einfaldasta lausnin, ellegar verði að breyta legu hans með því að fara vestur og suður hraunið sem hefði í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og rask á nútímahrauni að mati Vatnajökulspjóðgarðs.

Umhverfisstofnun tekur undir álit Vatnajökulspjóðgarðs en bendir jafnframt á að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi til framkvæmda þar sem hætta sé á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun sé eftirlitsaðili með umræddri framkvæmd.

Fram kemur að Umhverfisstofnun telur líklegt að umrædd framkvæmd komi til með að hafa lítil áhrif á rennsli Jökulsár á Fjöllum en ekki sé líklegt að þau áhrif komi til með að skaða lífríki árinna. Færð verði til laus jarðlög úr farvegi árinna og séu áhrif þess talin vera lítil og afturkræf. Umhverfisstofnun telji að framkvæmdin komi til með að hafa jákvæð áhrif á gróður á landi þar sem komið verði í veg fyrir frekara jarðvegsrof á svæðinu. Umhverfisstofnun telji að framkvæmdin komi til með að hafa nokkur áhrif á landslag

svæðisins á framkvæmdatíma en þau áhrif verði að mestu leyti afturkræf og að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði takmörkuð.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu um 1,7 km langra varnargarða í Jökulsá á Fjöllum við Herðubreiðarlindir. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 e í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra varnargarða í Jökulsá á Fjöllum verði óveruleg. Að því gefnu að brýnt sé að halda leiðinni opinni þá sé komið í veg fyrir að ekið sé á nútímahrauni í stað þess að fara um áreyrarnar. Skipulagsstofnun telur að það sé til bóta að verja vaðið á Lindá og að með því sé unnið að því að hlífa meiri náttúruverðmætum á kostnað minni. Engu að síður telur Skipulagsstofnun brýnt að vandað verði til alls frágangs og þess gætt að staðið verði við fyrirheit um að efni til framkvæmdanna verði tekið úr farvegi árinna. Einnig að hönnun varnargarðanna verði þannig að sjónræn áhrif þeirra verði í lágmarki líkt og Vegagerðin áformar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging um 1,7 km langra varnargarða í Jökulsá á Fjöllum við Herðubreiðarlindir sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skútustaðarhrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. desember 2011.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson